

REGLUR

um veitingu réttinda í snyrtifræði.

1. gr.

Umsóknir og tilskilin gögn.

Þeir umsækjendur sem æskja iðnréttinda í snyrtifræði skulu leggja fram umsóknir á þar til gerðum eyðublöðum. Umsóknum skulu fylgja staðfest vinnuvottorð um vinnu umsækjandans í iðninni. Þá skulu einnig fylgja prófskírteini með einkunnum í einstökum námsgreinum og yfirliti yfir námsgreinar og kennslustundafjölda.

Menntamálaráðuneytið metur þær samkvæmt eftirfarandi matsreglum í samráði við réttindaveitinganefnd í snyrtifræði og ákveður afgreiðslu á þeim.

2. gr.

Nám hérlendis í snyrtifræði utan framhaldsskólakerfisins.

Nám og starfsreynsla þeirra sem numið hafa snyrtifræði hérlendis og hófu nám fyrir 1. júní 1987 skal metin samkvæmt eldri reglum um réttindaveitingar dagsettum 25. maí 1987.

Mat á námi og starfsreynslu þeirra sem byrjað hafa nám hér á landi utan framhaldsskólakerfisins þann 1. júní 1987 eða síðar skal metið á grundvelli gildandi námsskrár í snyrtifræði.

3. gr.

Umsóknir um réttindi í snyrtifræði vegna náms erlendis í iðninni á grundvelli Cidesco-prófa.

Þeir sem lokið hafa námi frá skóla sem kennir eftir Cidesco-kröfum geta sótt um að ganga undir sveinspróf í iðninni þegar þeir hafa sannanlega lokið a. m. k. 10 mánaða starfsreynslu í iðninni. Er þá miðað við að þeir hafi lokið fagnámi sem svarar til upptalningar samkvæmt töflu 1 hér á eftir.

Sama gildir um þá umsækjendur sem hafa numið við skóla sem gera jafnmiklar kröfur til náms og koma fram í töflu 1.

Þá skal einnig metið almennt nám viðkomandi með samanburði við töflu 2 hér á eftir.

Þeir sem hafa lokið almennu námi sem svarar til þess sem er í töflu 2 eða meiru og standast sveinsprófið *skulu fá útgefið sveinsbréf sem veitir rétt til inngöngu í meistaraskóla.*

Þeir sem hafa ekki lokið almennu námi sem svarar til þess sem er í töflu 2 og standast sveinspróf *skulu fá útgefið sveinsbréf sem veitir ekki rétt til inngöngu í meistaraskóla.*

4. gr.

Umsóknir um réttindi í snyrtifræði vegna náms erlendis í iðninni í skólum sem kenna ekki eftir Cidesco-kerfi.

Þeir umsækjendur um réttindi í snyrtifræði sem hafa ekki lokið Cidesco-prófi en stundað nám í iðninni erlendis skulu metnir á grundvelli framlagðra gagna með samanburði við innlent fagnám í snyrtifræði samkvæmt gildandi námsskrá í iðninni. (Sjá töflu 1.)

Þá skal einnig metið almennt nám þeirra í snyrtifræði samkvæmt gildandi námskrá í iðninni með samanburði við töflu 2 hér á eftir.

Þeir sem hafa lokið almennu námi sem svarar til þess sem er í töflu 2 eða meiru og standast sveinsprófið *skulu fá útgefið sveinsbréf sem veitir rétt til inngöngu í meistarskóla*.

Þeir sem hafa ekki lokið almennu námi sem svarar til þess sem er í töflu 2 og standast sveinspróf *skulu fá útgefið sveinsbréf sem veitir ekki rétt til inngöngu í meistarskóla*.

Ráðuneytið skal tjá umsækjendunum hvað þeir þurfi að nema til viðbótar og hvaða starfsþjálfun þeir þurfi að ljúka svo að þeir geti sótt um sveinspróf í iðninni.

Réttindaveitinganefnd iðnarinnar skal halda skrá yfir þá skóla sem umsækjendur koma frá og meta námsbrautir þeirra með samanburði við töflu 1 hér á eftir.

5. gr.

Mat á Cidesco-prófum.

Cidesco-próf skal metið jafngilt fagnámi í snyrtifræði samkvæmt gildandi námskrá með eftirtöldum námsgreinum og áföngum:

Tafla 1. Fagnám í snyrtifræði.

Námsgreinar	Skammst.	Númer
Bókfærsla og viðskiptareikningur	BÓV	1036
Eðlisfræði	EÐL	1236 / 1036
Efnafræði	EFN	1036, 2236 eða 2036 og 3136 til stúd.pr.
Förðun, verklegur áfangi	FÖR	1024, 2024, 3024
Fótsnyrting, verklegur áfangi	FÓS	1024, 2012
Handsnyrting, verklegur áfangi	HAS	1024, 2012
Heilbrigðisfræði	HBF	1024
Húðsjúkdómar	HÚÐ	1012
Líffæra- og lífeðlisfræði	LOL	1036, 2036
Líkamssnyrting, verklegur áfangi	LSS	1036, 2048
Myndlist	MDL	1524
Næringarfræði	NÆR	1024
Sálfræði	SÁL	1024, 1124
Siðfræði	SIÐ	1024
Skyndihjálp	SKY	1012
Snyrtifræði, verklegur áfangi	SNY	105A, 2048,3048
Snyrtivörur	SNV	1012
Stofutími, verklegur áfangi	STO	1012
Vax	VAX	1012
		Samtals 67 einingar

Eftirtaldar námsgreinar og áfangar á námsbraut í snyrtifræði eru taldar almennar greinar og eru ekki í mati á Cidesco-prófum.

Tafla 2. Almennar greinar.

Námsgreinar	Skammst.	Númer
Danska	DAN	1024, 2024
Enska	ENS	1024, 2024, 3024
Íslenska	ÍSL	1024, 2024, 3024
Líffræði	LÍF	1036
Stærðfræði	STÆ	1024, 2024
Tjáning	TJÁ	1024
Vélrítun og tölvufræði	VTÖ	1036
Íþróttir	ÍÞR	1012, 1112, 2012, 2112 + 1 ein.
		Samtals 33 einingar

6. gr.

Reglur þessar eru settar skv. ákv. 1. gr. reglugerðar nr. 111/1996 um breytingu á reglugerð nr. 560/1995 um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistarárættindi og 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 560/1995 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 20. júní 1996.

Björn Bjarnason.

Hörður Lárusson.

24. júní 1996

Nr. 365

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.

I. SMÁSALA.

Gjaldskráarliðir

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	6,51 kr/kWh
Fastagjald F.1	3.820,00 kr/ári

A.2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkja-gerð.

Orkugjald	6,51 kr/kWh
Fastagjald 3xF.1	11.460,00 kr/ári

A.3 Utanhússlýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

Orkugjald	7,51 kr/kWh
Fastagjald F.1	3.820,00 kr/ári

A.4 Blönduð notkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum með rafhitun. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1 ef hagkvæmara þykir.

Orkugjald	4,65 kr/kWh
Fastagjald 4xF.1	15.280,00 kr/ári

A.5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur með rafhitun. Heimilt er að selja raforku til búreksturs samkv. öðrum liðum ef hagkvæmara þykir. Lágmarksafl 6 kW, hámarksafl 50 kW.